

Ed.

61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Magnús Jónsson, Árni Jónsson, Bjarni Snæbjörnsson, Jóhann Jósefsson,
Magnús Gíslason, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Orðin „að fengnum tillögum ... innflutningsnefnd“ í 2. másl. 2. gr. lagauna falla burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð þrem mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands, einn eftir

tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga og einn með samkomulagi milli ráðherranna. Nefndarmenn skiptast á um formennsku í nefndinni eftir samkomulagi. Formaður undirbýr mál fyrir fundi með skrifstofustjóra nefndarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Nefndin ræður starfsfólk í skrifstofu nefndarinnar. Auk þessara þriggja nefndarmanna eiga þar sæti: Einn maður tilnefndur af bankastjórum Landsbanka Íslands og annar tilnefndur af bankastjórum Útvegsbanka Íslands h/f. Starf þeirra er í því fólgið að taka ákvörðun um heildarupphæð þess gjaldeyris, er nota á til greiðslu á vörum þeim, sem takmarkaður er innflutningur á, og segja til um, hvenær bankarnir geti látið þennan gjaldeyri af hendi. Hinsvegar hafa þeir ekki atkvæðisrétt um almenn mál, skiptingu innflutnings og það, hverjir skuli skrásettir sem innflytjendur.

Ef nefndarmaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir, og sömuleiðis tilnefna bankarnir varamenn, ef fulltrúar þeirra forfallast. Til þess að standast kostnað við nefndina skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið, í samráði við nefndina:

1. Hvaða vörur skuli vera frjálst að flytja inn.
2. Hvaða vörur megi ekki flytja inn.
3. Hvaða vörur skuli kaupa frá ákveðnum löndum.

Nefndin skal:

1. Skipta innflutningi milli vörutegunda, sem takmarkaður er innflutningur á,
2. semja skrá um innflytjendur,
3. skipta innflutningnum milli skrásettra innflytjenda hvernar vörutegundar, sem takmarkaður er innflutningur á, og fari skiptingin milli verzlana í landinu (kaupfélaga og kaupmanna) fram eftir sömu reglu.

Að öðru leyti setur ríkisstjórnin nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, í samræmi við framangreind ákvæði. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í efri deild og með samþykki allra þingmanna þess flokks í neðri deild.

Eins og kunnugt er, hafði ekki náðst samkomulag um tilhögun verzlunarmálanna, þegar gengið var til samvinnu milli þingflokka þriggja í fyrra. En samstarfið var þá samt hafið í fullu trausti þess, að einmitt sjálft samstarfið myndi leiða til viðunanlegrar lausnar á þessum málum. Þetta hefir þó ekki orðið enn, og er því ekki að leyna, að þetta er sjálfstæðismönnum innan þings og utan hin mestu vonbrigði.

Eins og kunnugt er, eru skoðanir manna á gagnsemi og nauðsyn innflutningshafta mjög sundurleitar. Þeir eru margir, sem telja sjálf innflutningshöftin með öllu óþörf eins og nú er komið, þar sem vörur fást nú alls ekki fluttar hingað nema gegn staðgreiðslu eða jafngildi hennar, og væru því gjaldeyrisráðstafanir einar nægar. Þá eru og margir mjög óánægðir með framkvæmd haftanna, og hefir því verið lýst svo á opinberum vettvangi, að óþarft er að endurtaka það hér.

Það mun þó vera samróma álit allra, að höft á verzlun og viðskiptum séu jafnan neyðarúrreði, þó að gripa verði til þeirra, þegar ekki sýnist annars kostur

til þess að verjast ennþá verra böli. En það hlýtur að vera alveg ófrávikjanleg regla, að þegar þjóðfélagið telur sér nauðsynlegt að leggja á menn slíkar þvingunar-ráðstafanir, þá beri því og skylda til þess að sjá um, að þær séu framkvæmdar með allri þeirri réttvísi og sanngirni, sem mögulegt er. Byrðarnar, sem þannig eru lagðar á menn, eiga að koma jafnt niður á öllum, sem hlut eiga að máli, og ráðstafanirnar eiga að hafa eins litla truflun í för með sér eins og mögulegt er, og láta viðskiptin hafa eins eðlilega þróun eins og frekast getur samrýmt höftunum. Á þetta þykir ýmsum hafa allmjög brostið hér hjá oss, og miklu meira en t. d. hjá sambands-þjóð vorri, sem einnig hefir talið sér nauðsynlegt að setja á hjá sér viðskiptahömlur.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa þó ekki borið hér fram þær breytingar á lögnum um gjaldeyrisverzlun o. fl., sem ýmsir þeirra mundu vilja helzt, heldur er frumvarp þetta borið fram sem málamiðlunargrundvöllur. Verður naumast með sanni sagt annað en að höndin sé hér rétt langt til samkomulags.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd er hér haldið eins og áður, en hún er samkv. frumvarpinu þannig skipuð, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, kaupmenn annarsvegar og samvinnufélög hinsvegar, tilnefni sinn fulltrúa hvor, en ríkisstjórnin komi sér því næst saman um þriðja mann. Þetta fyrirkomulag er byggt á því, að þessir aðilar vilji í raun og veru, sakir alþjóðarheillar, að mál þessi greiðist sem bezt, og á trausti til þess, að þeir finni lausn málsins, ef þeir aðeins vinna saman að málinu. En á hinn bóginn sé svo hægt að greiða fyrir samvinnu með því, að hlutlaus maður vinni að málinum með og miðli á milli, þar sem erfiðara verður um samstarf.

Vér höfum þá föstu trú, að eins og nú er komið högum vorum og eins og horfir umhverfis oss, muni fullur vilji verða að leysa þessi viðkvæmu mál, ef aðilarnir aðeins ná saman og ríkisstjórnin veitir aðstoð til þess fyrir milligöngu oddamanns.

Því þarf naumast að lýsa, hvílík ógæfa það er, að á samvinnu stærstu flokka þingsins skuli þurfa að vera þessi viðkvæmi blettur, á öðrum eins tímum og nú eru, togstreita um þetta innanlandsmál, þegar sameina þarf alla krafta til varnar þjóðfélaginu gegn utanaðkomandi hættum. Vér teljum því nauðsynlegt að koma þessum málum út fyrir svið stjórnmalanna, eftir því sem mögulegt er, og í hendur þeirra sjálfra, sem hér eiga hlut að máli.

Í þessum sama tilgangi er það, að vér höfum talið réttast að takmarka valdsvið fulltrúa bankanna við það eitt, sem þá snertir, getuna til þess að útvega og láta af hendi gjaldeyri. Myndi þá seta þeirra í nefndinni ekki á neinn hátt trufla samstarf hinna um sjálfa skiptingu þess, sem aflað er fyrir þann gjaldeyri, sem bankarnir telja sér fært að láta.

Hér er því um engar öfgar að ræða á neinn hátt, heldur einvörðungu tilraun til sátta, og þá jafnframt tilraun til þess að vernda það samstarf, sem er þjóðinni svo nauðsynlegt eins og málum er nú komið.

Um einstakar greinar frumvarpsins má segja þetta:

Um 1. gr.

Niðurfelling þessara orða er til samræmingar þeim breytingum, sem á eftir koma.

Um 2. gr.

Hér er breytingin á skipun nefndarinnar, eins og tekið hefir verið fram í almennu greinargerðinni. Í nefndinni eru þá aðeins 3 stjórnskipaðir menn með fullu valdi, í stað 5 áður. En hinir tveir eru aðeins fulltrúar frá hönkunum og skipaðir af bankastjórum þeirra. Réttast þótti að láta formennsku skiptast að jöfnu milli þessara þriggja, til þess að gera allt samstarfið sem liðlegast og óþvingaðast.

Um 3. gr.

Hér er skipting valdsins ákveðin. Þótti nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hefði hönd í bagga um sjálfar aðallínurnar, þ. e. hvaða vörur skuli vera alveg frjálsar og hvaða

vörur skuli alveg banna. Loks verður svo ríkisstjórnin að segja til og ráða því, sem háð er samningum við aðrar þjóðir.

Vald nefndarinnar nær svo til þeirra vörutegunda, sem takmarkanir eru á, að svo miklu leyti, sem samningar við aðrar þjóðir heimila. Er þá eðlilegast, að hún þyrji á því að skipta milli vörutegunda því, sem hægt er að flytja inn, geri því næst skrá um innflytjendurna, og annist loks réttláta skiptingu milli þeirra. Fer þá árangur þessarar viðleitni til umbóta eftir því, hve vel þetta tekst fyrir nefndinni.